



Puríður Lilly Sigurðardóttir  
Sléttu  
731 Reyðarfjörður

Hafnarfjörður 29. apríl 2021  
Tilv. 2021-03-08-1550/2.3.1

Efni: Varðar bakkavarnir við Sléttuá í Reyðarfirði

Í umsókn sem barst með tölvupósti þann 4. mars síðastliðinn leitar Puríður Lilly Sigurðardóttir eftir heimild til bakkavarna við Sléttuá við Reyðarfjörð. Um er að ræða 70m kafla (mynd 1) sem sagt er að geti valdið smávægilegu raski á Sléttuá. Umsögn Náttúrustofu Austurlands (dags. 29. mars) barst með tölvupósti þann 26. apríl síðastliðinn. Bleikja veiðist í Sléttuá en ekki er starfandi veiðifélag vegna veiðihagsmunu í ánni.

Í umsögn Náttúrustofu Austurlands um framkvæmdina kemur m.a. fram:

*„Ekki er talið að áhrif fyrir hugaðrar bakkavarnar eins og þeim hefur verið lýst hafi neikvæð áhrif á fiskistofna Sléttuár eða annað lífríki í ánni. Áhrifin verða mest á meðan framkvæmdum stendur. Við framkvæmdina þarf að gæta þess að ganga vel frá stórgrytti og passa að sem minnst rask verði í árfarveginum og að laust efni verði ekki skilið eftir sem gæti skolast í ána í vatnavöxtum og valdið óþarfa skaða á lífríki árinnar.“*

Að teknu tilliti til umsagnar Náttúrustofu Austurlands og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fellst Fiskistofa á að Puríður Lilly Sigurðardóttir geri bakkavörn við Sléttu á á 70m kafla í samræmi við umsókn (mynd 1). Farið verði að tilmælum sem fram koma í umsögn Náttúrustofu Austurlands við framkvæmdina. Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Fiskistofa bendir á að það er á ábyrgð framkvæmdaaðila að uppfylla lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum til þess að framkvæmdin geti farið fram. Heimildin gildir til 29. apríl 2022.

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (17.200 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1185/2017. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Virðingarfullst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



**Mynd 1.** Myndin sýnir afmörkun á því svæði þar sem fyrirhuguð bakkavörn verður gerð við Sléttuá, í landi Sléttu í Reyðarfirði.